

Fundur fagraðs um velferð dýra

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundarstaður:</i>	MAST Stórhöfða
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	26.04.2018
<i>Fundarritari:</i>	Ágústa R. Jónsdóttir	<i>Fundartími:</i>	13.00 – 17.00
<i>Gerð fundar:</i>		<i>Verknúmer:</i>	
<i>Fjarverandi:</i>	Henry Alexander Henrysson boðaði forföll og einnig varamaður hans		
<i>Þátttakendur:</i>	Sigurborg Daðadóttir, Erna Bjarnadóttir, Katrín Andrésdóttir, Hallgerður Hauksdóttir en Ólafur Dýrmundsson boðaði forföll. Auk þeirra sátu fundinn Þóra Jónasdóttir og Ágústa R. Jónsdóttir		

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Umsóknir um dýratilraunir
 - a. Fóðurtilraunir á Atlantshafslaxi
 - b. Mótefnaframleiðsla á einstofna mótefnum í erfðabreyttum músum
 - c. Skimun sameindasafns fyrir taugahrönnunarsjúkdóminum ALS.
 - d. Tvíþætt - a) Þróa aðferðir við próf á þoli bleikju gegn kýlaveiki og b) aðferðin notuð til að prófa þol fjölskyldna í bleikjukynbótaverkefninu fyrir kýlaveiki
3. Hundahald, ábyrgð og velferð
4. Önnur mál

Umræða

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
Formaður upplýsti að fundargerðir sem birtar eru á netinu hafi verið uppfærðar þannig að tekin hafa verið út nöfn einstaklinga til samræmis við 7. gr. reglugerðar nr. 460/2017, um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni, sem kveður á um nafnleynd.
Undir þessum lið voru tekin saman atriði til umræðu undir önnur mál, þ.á.m. verklagsviðmið fyrir fagrað um velferð dýra, staða máls varðandi eyrnaklippingar villikatta og mat fagraðs á því hvort umsóknir um fóðurtilraunir séu leyfisskyldar og hvað falli undir skilgreiningu á „einföld merking“.
2. Umsóknir um dýratilraunir
 - a. Fóðurtilraunir á Atlantshafslaxi. Tekin af dagskrá þar sem umsóknin uppfyllti ekki skilyrði til afgreiðslu.
 - b. Mótefnaframleiðsla á einstofna mótefnum í erfðabreyttum músum. Rædd í tvennu lagi, umræða um notkun Rimms aðferðarfræði annars vegar og adjuvant hins vegar. Fagrað telur siðferðilega verjandi að heimila Rimms aðferðarfræði með þeim skilyrðum þó að hámarks stungur verði 10 og stungur neðst í læri verði ekki heimiluð. Þá telur fagrað ekki siðferðilega verjandi að styðjast við þær leiðir sem fram kemur í umsókn en telur réttlæt看legt að heimila notkun á mildari afbrigði adjuvant sem fyrsta valkost með litlum viðmiðunarhóp þar sem stuðst er við Friends adjuvant. Meirihluti fagraðs veitti jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar að því gefnu að framangreindum skilyrðum verði fylgt eftir og staðfesting þar að lútandi liggja fyrir. Fulltrúi Dýraverndunarsambands Íslands sat hjá við atkvæðagreiðsluna og gerði grein fyrir afstöðu sambandsins.
 - c. Skimun sameindasafns fyrir taugahrönnunarsjúkdóminum ALS. Ný aðferðarfræði þar sem notast er við sebrafiska í staðinn fyrir mýs eða rottur. Aðferðin felur ekki í sér nálastungur né aðrar sársaukavaldandi aðgerðir, heldur er sundhraði og áreiti við ljós mælt. Fagrað hefur

- kynnt sér umsóknina og telur álag á tilraunadýrin siðferðislega verjandi með tilliti til þess ávinnings sem af tilrauninni hlýst enda sé meðferð og meðhöndlun dýranna í samræmi við ákvæði laga og reglugerða auk þess sem skilgreindur „mannúðlegur endapunktur“ (humane endpoint) verður virtur. Fagráð veitir jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar.
- d. Tvíþætt – a) Þróa aðferðir við próf á þoli bleikju gegn kylaveiki og b) aðferðin notuð til að prófa þol fjölskyldna í bleikjukynbótaverkefninu fyrir kylaveiki. Vegna skorts á upplýsingum er afgreiðslu frestað til næsta fundar eða þar til frekari upplýsingar liggja fyrir.
3. Hundahald, ábyrgð og velferð. Fagráð beinir því til Matvælastofnunar að stofnunin hafi frumkvæði að því að lög verði sett um hundahald og ábyrgð hundaeigenda skilgreind, sbr. löggjöf á norðurlöndum um hundahald. Þá beinir fagráð því enn fremur til Matvælastofnunar að stuðla að frekari fræðslu og upplýsingagjöf til almennings um dýrahald og umgengni við dýr.
4. Önnur mál
- a. Verklagsviðmið fyrir fagráð. Lögð er fram tillaga um að fagráð setji sér verklagsreglur um störf sín, móttöku, afgreiðslu og meðhöndlun mismunandi mála sem lögð eru fyrir ráðið eftir eðli þeirra, t.d. óskir um mál á dagskrá og tímamörk, óskir um áheyrn og önnur tilfallandi erindi. Formaður leitaði eftir því hvort einhver vildi taka að sér að gera drög að slíkum verklagsreglum. Hallgerður tekur að sér að halda utan um verkefnið og gera tillögur að verklagsreglum og Katrín mun athuga hvort hún finni svipaðar reglur í nágrannalöndum sem hægt væri að styðjast við. .
- b. Lagt til að fagráð ræði á næsta fundi um a) hvað sé einföld merking og b) hvort og þá hvenær fóðurtilraunir séu leyfisskyldar.
- c. Yfirdýralæknir var inntur upplýsinga um það hver staðan er varðandi álit fagráðs um eyrnaklippingar villikatta og hvort búið sé að kynna niðurstöðu fagráðs. Upplýst var að fagráð skilaði til Matvælastofnunar tveimur álitum, meirihluti fagráðs mælir með því að slík auðkenning verði heimiluð í þessum ákveðna tilgangi en minnihlutinn er á öndverðum meiði og telur eyrnaklippingar villikatta ekki standast lög.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.30. Ekki var tekin ákvörðun um dagsetningu næsta fundar en tillaga verður send út fljótlega..